

## Ávarp við opnun sögusýningar í St. Jósefsspítala 05. 09. 2019

Þegar rekja á sögu viðburðar eða stofnunar sem þessarar getur oft verið vandasamt að finna hvar upphafið er, hvar maður á að byrja því allir hlutir hafa aðdraganda og í mörgum tilfellum getur sá aðdragandi verið með mörgum þráðum, langur og snúinn. Ég var með sögugöngu um gamla bæinn í síðustu viku og sá að þar runnu tvær grímur á fólk þegar ég byrjaði þá sögu á hlýindaskeiði síðustu ísaldar. Ég ætla ekki að fara svo langt aftur í dag, einungis einhver 300 ár og byrja suður í Frakklandi. Regla St. Jósefssystra, sem kennir sig við heilagan Jósef, fósturföður Krists, er í hópi nokkurra hreyfinga sem rekja upphaf sitt til róttækra nýjunga í klausturlífi á 16. og 17. öld. Á þeim tíma ríkti mikil neyð í Frakklandi í kjölfar styrjalda og brugðust margar ungar konur og ekkjur við ástandinu í sameiningu á kristilegum grunni. Ungur prestur úr Jesúitareglunni í Suður-Frakklandi, stofnaði þá með konunum litla hópa sem tóku að sér að kenna börnum og annast sjúkt og gamalt fólk. Þær klæddust ekkjubúningi þeirra tíma sem síðar varð að klausturbúningi. Vinnan við líknarstarfið var ekki eini tilgangur samfélagsins, heldur einnig samfélag við Krist í reglubundnu bænalífi. Reglan breiddist út og árið 1812 stofnaði biskupinn í Chambéry í Frakklandi klaustur St. Jósefssystra í biskupsdæmi sínu og af þeirri grein reglunnar komu systurnar sem stofnuðu St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Á árunum 1921 og 1922 keypti Kapólska trúboðið á Íslandi jörðina Jófríðarstaði í Hafnarfirði. Jófríðarstaðir voru ein af þeim fjórum bújörðum sem Hafnarfjarðarkaupstaður stóð á. Hinar voru Akurgerði, Hamarskot og Hvaleyri. Áhugavert er að skjóta því inn hér þó það komi málinu ekki við að hinar jarðirnar þrjár höfðu allar á einhverjum tíma tilheyrt kirkju eða klastrum. En aftur að Jófríðarstöðum, jörðin var geysistór þegar kapólikkarnir keyptu hana, náði allt frá Ásfjalli og niður að sjó en á henni voru alls 48 leigutakar á jafnmörgum jarðarskikum. Regla St. Jósefssystra studdi jarðarkaupin strax í ársbyrjun 1922 með því að kaupa tveggja hektara spildu af Montfort-reglunni undir spítala og aðra starfsemi. Hinn 18. febrúar 1925 samþykkti umdæmisstjórn reglunnar í Kaupmannahöfn áætlunina um byggingu St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Á þessum tíma var heilbrigðisþjónusta í bænum af mjög skornum skammti.

Hjálpræðisherinn hafði starfað í Hafnarfirði frá árinu 1908 og læknarnir tveir í bænum, Þórður Edilonsson og Bjarni Snæbjörnsson, voru með aðstöðu þar fyrir sjúklinga sína frá árinu 1917.

Sunnudaginn 5. september 1926 var St. Jósefsspítali vígður af sr. Marteini Meulenberg. Byggingin svipaði mjög til hins nýreista Ísafjarðarspítala, enda var hún teiknuð af sama manni, Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins. Yfirmsiður var hafnfirðingurinn Ásgeir G. Stefánsson og hafði hann 25 menn með sér í verkinu. Húsið var þá mjög vandað og fullnægði öllum þeim kröfum gerðar voru á þeim tíma. Í upphafi voru áður nefndir tveir læknar á spítalanum en aðrir læknar gátu einnig þjónustað sjúklinga sína þar ef rúm leyfði. Auk þeirra störfuðu systurnar ásamt forstöðukonu á spítalanum.

Í frétt Ísafoldar af vígslu spítalans mátti meðal annars lesa eftirfarandi:

„Sunnudaginn 5. þ. m. var spítali Sct. Jósefssystur í Hafnarfirði vígður að viðstöddu fjölmenni. Kl. 4 byrjaði vígsluathöfnin. – Söfnuðust þá allir gestirnir saman, fyrir framan spítalann. Athöfnin byrjaði með því, að prestarnir í Landakoti, kórdrengir þaðan o. fl. gengu í skrudgöngu úr kirkju spítalans. – Voru þeir í fullum skrudá, með fána sína og tilfæringar þær, sem við áttu, og var sr. Melenberg fyrir þeim. Gengu þeir upp á tröppur spítalans og skipuðu sjer sitt hvoru megin við innganginn, en sr. Melenberg stóð fyrir miðjum dyrum. Að baki honum, í anddyri spítalans, stóðu Sct. Jósefssysturnar. Eftir ræðulestur þakkaði bæjarfógeti rausn þá og umhyggju, er Sct. Jósefssystur sýndu, með spítalabyggingu þessari. [...] Að svo búnu fór hin eiginlega vígsluathöfn fram, með latínusöng klerkanna og öðrum kaþólskum siðvenjum. – Veður var hið besta meðan á athöfninni stóð.“

Með tilkomu St. Jósefsspítala í Hafnarfirði urðu þáttaskil í lækningum og hjúkrun fyrir íbúa Hafnarfjarðar og Suðvesturlands. Tilkoma sjúkrahússins þótti „byltingarkennd framför“, nú þurftu læknarnir í Hafnarfirði ekki lengur að senda sjúklingana frá sér heldur gátu annast þá og fylgst með þeim á þessu nýja sjúkrahúsi. Öryggi borgaranna var líka aukið með tilkomu sjúkrahússins með tilliti til slysa, bráðasjúkdóma og bráðaaðgerða.

Á sjúkrahúsinu var í upphafi rými fyrir 40 sjúkrarúm. Aðstaða var góð fyrir handlækningar, lyflækningar og skurðaðgerðir og þar var enn fremur röntgenaðstaða og ljósaböð. Engin lyfta var

í húsinu fram til ársins 1953 sem kallaði á talsverðan burð milli hæða, einkum þar sem skurðstofan var staðsett á annarri hæð.

Spítalinn var í stöðugri þróun og strax árið 1953 var hafist handa við að reisa viðbyggingu við norðurenda spítalans sem tekin var í notkun ári síðar. allsherjarendurbætur voru gerðar á honum á árunum 1966–1968 til að mæta nýjum kröfum og árið 1973 var hafist handa við að reisa mikla viðbyggingu við suðurenda gamla spítalans og í kjölfarið fékk hann núverandi útlit. St. Jósefssystur sáu um daglegan rekstur spítalans allt til ársins 1977 þegar rekstrarforminu var breytt og hann gerður að sjálfseignarstofnun í eigu þeirra. Tíu árum síðar seldu þær spítalann og voru kaupendur ríkissjóður annars vegnar og bæjarsjóður Hafnarfjarðar hins vegar en eftir það var hann svokallað „sveitafélagssjúkrahús“ samkvæmt skilgreiningu laga. Þannig starfaði hann allt til ársins 2011 þegar Velferðarráðuneytið gaf út reglugerð þess efnis að St. Jósefsspítali sameinaðist Landspítala. Síðar það sama ár ákvað Landspítalinn að mæta niðurskurðarkröfu með því að hætta allri starsemi í St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og endaði þar með 85 ára sögu hans sem sjúkrahúss en fyrir tveimur árum keypti Hafnarfjarðarbær alla húseignina og tók þá ákvörðun í kjölfarið að láta opna hér lífsgæðasetur sem gert er í dag. Þetta var stutta útgáfan af sögu St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, 93 ár á fimm mínútum en örlítið lengri útgáfu er hægt að sjá hér í anddyrinu þar sem Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur sett upp litla sýningu um þessa sögu.